

*Frankvæmdaáætlun í barnavernd  
í Hafnarfirði kjörtímabilið  
2014-2018*



**HAFNARFJÖRÐUR**

Dagbjört Rún Guðmundsdóttir  
Karólína Helga Símonardóttir  
Kristín María Thoroddsen  
Haukur Haraldsson  
Eiríkur Þorvarðarson



## Efnisyfirlit

Pörf fyrir úrræði og stefnumótun .....	2
Verkefni .....	5
Skapa barnavernd jákvæða ímynd meðal bæjarbúa með vonduðu starfi, fræðslu og upplýsingum.....	5
Efla fjölskylduna með markvissum stuðningi við foreldra í uppeldishlutverki þeirra ...	5
Stuðla að aukinni samvinnu og markvissari vinnubrögðum í málefnum barna og fjölskyldna.....	6
Aukin áhersla á þverfaglega nálgun í vinnslu barnaverndarmála.....	6
Auka vitund þeirra, sem starfa með börnum í frítíma þeirra um barnavernd .....	6
Stuðningsþjónustan .....	7
Áfram verði unnið að því að þróa starf Litla hóps .....	7
Hópastarf fyrir börn og unglínga .....	8
Námsbraut fyrir starfsmenn félagmiðstöðva.....	8
Líðan barna og forvarnir gegn einelti .....	8
Efla leik- og grunnskóla við að skapa úrræði og koma til móts við börn með hegðunar-, tilfinningalega og/eða námserfiðleika.....	9
Samráð og bætt þjónusta við innflytjendur.....	9
Innleiða ESTER í starf barnaverndar .....	10
Hinsegin fræðsla í grunnskólum bæjarins.....	10
Samstarf á milli sveitafélaga um úrræði .....	10
Sameiginlegur rekstur vistheimilis fyrir börn .....	11
Að farið sé í samstarf með Kópavogi um skammtí mavistun barna .....	11
Samstarfsleiðir .....	11
Lokaorð.....	13



Í 1. mgr. 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 með síðari breytingum segir:

*Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send velferðarráðherra og Barnaverndarstofu.*

Barnaverndarnefnd, fjölskylduráð og fræðsluráð Hafnarfjarðar vilja stuðla enn frekar að öryggi og velferð barna og skapa fjölskylduvænt samfélag með gerð þessarar áætlunar. Markmið stefnunnar er að ná breiðri samstöðu og samvinnu í bænum og við önnur bæjarfélög varðandi árangursríka barna- og fjölskylduvernd. Lögð er áhersla á að byggja þær aðferðir og þau úrræði sem unnið er eftir í sveitarfélaginu á fræðilegum grunni og sýnt hafa góðan árangur.


Breið samvinna við gerð áætlunarinnar er líklegri til að tryggja árangursríka áætlun. Markmiðið er að fækka alvarlegum barnaverndarmálum og móta leiðir til að hægt sé að bregðast við strax og velferð barna er í hættu. Til að koma til móts við markmiðið er áætlunin verkefnaþvöð en verkefni eru flest samvinnuverkefni mismunandi stofnana. Áætlunin á líka að taka mið af þeim stefnum sem ráð og nefndir Hafnarfjarðarbæjar hafa sett sér. Framkvæmdaáætlunin á fyrst og fremst að verða leiðarvísir fyrir þá sem starfa að barnaverndar- og forvarnarverkefnum auk þess að vera stefnumarkandi fyrir stjórnendur. „Börn eiga rétt á vernd og umönnun“ (barnaverndarlög, 2002). Barnavernd felst í því að tryggja börnum þennan rétt og eru barnaverndarlögin nokkuð skýr varðandi hlutverk sveitarfélaga. Erfitt er að skilgreina barnavernd án þess að taka tillit til hagsmuna og spyrja í þágu hverra sé unnið. Það er skýrt markmið barnaverndarlaga að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Ávallt sé leitast við að tala við börn og fá þeirra sjónarmið og upplýsingar um þeirra líðan. Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar á öllum málum er varða þau og að tekið sé tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska.

## **Þörf fyrir úrræði og stefnumótun**

Barnaverndartilkynningum fjölgaði verulega í Hafnarfirði fram að árinu 2012 en hefur svo fækkað á ný síðastliðin tvö ári. Að sama skapi virðist hafa orðið aukning í tilkynningum fram til 2014 í sveitarfélögum svipuðum að stærð og Hafnarfjörður. Eftirmála kreppunnar gætti í bæjarfélaginu sem lýsti sér best í aukningu barnaverndartilkynninga og aukinni þyngd hvers máls. Að auki komu málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna með tilheyrandi kerfisbreytingum og breyttu vinnulagi hjá starfsmönnum. Einnig má leiða getum að því að í framkvæmdaáætlun síðasta kjörtímabils þar sem lögð var áhersla á jákvæða ímynd barnaverndar og að stuðla að



aukinni samfélagslegri ábyrgð gagnvart tilkynningum til barnaverndar, hafi skilað sér í aukningu tilkynninga.



Leita þarf leiða til þess að gera forvarnir markvissari og þróa þau úrræði sem eru fyrir hendi. Auka þarf þverfaglegt samstarf aðila sem vinna að málefnum barna og unglunga til að tryggja velferð barnsins og árangur úrræða. Álag á starfsfólk eykst og þörf fyrir margs konar árangursrík úrræði verður brýnni. Framkvæmdaáætluninni er m.a. ætlað að vera leiðarljós í þessari þróun.

Áhersla er lögð á áframhaldandi forvarnarstarf í barnavernd. Til þess verða meðal annars gerðar sérstakar kröfur til stofnana og félagsamtaka sem koma að málefnum barna og unglunga, s.s. skóla, heilbrigðiskerfis, lögreglu og æskulýðsstarfs. Stuðla skal að góðu samstarfi fagaðila í barnavernd við þá sem vinna með börnum, með því að kynna fyrir þeim tilkynningarskyldu og starfsemi barnaverndar. Ætlast er til þess að bæjarbúar haldi jafnframt áfram að sinna tilkynningarskyldu af samviskusemi.

Skóða þarf leiðir til að grípa sem fyrst inn í líf barna sem þarfnast aðstoðar, leysa mál bæði fyrir og nær daglegum vettvangi þeirra. Þannig mætti að öllum líkindum koma í veg fyrir að mál þróuðust á verri veg. Þessi hugsun krefst breiðrar samstöðu í forvörnum og vinnslu mála. Í stað þess að vísa málum áfram og á milli ólíkra stofnana mætti bregðast við og leita lausna strax á stað og stund. Móta þarf ákveðna stefnu, vinnureglur og verkferla og skýra vel hvar ábyrgð allra hlutaðeigandi liggur, hvort sem um er að ræða foreldra, kennara, félagsráðgjafa eða sérfræðinga.

Í Hafnarfirði er áhersla lögð á að styðja foreldra í hlutverki þeirra og efla samstarf við heimili og fjölskyldur með öllum ráðum. Unnið er samkvæmt aðferðafræði Parent Management Training, PMT, sem er vel rannsakað meðferðarúrræði á þessu sviði. Unnið er bæði á vettvangi foreldra og skóla og nær vinnulagið samtímis til fyrsta, annars og þriðja stigs forvarna.



Stigskipting forvarna og inngripa: Oft er forvörnum skipt upp í þrjú stig eftir eðli þeirra.

1. stig eru forvarnir sem beinast að öllu samfélaginu, sérstaklega þó börnum og unglíngum. Þetta eru almennar forvarnir sem eiga að hafa áhrif á þá sem ekki eru byrjaðir að neyta vímuefna eða stunda áhættu hegðun s.s. afbrot. Þessar forvarnir beinast oft að uppeldisaðferðum og viðhorfum í samfélaginu.
2. stigs forvarnir snúa að þeim sem hafa byrjað neyslu eða sýnt áhættu hegðun og miða að því að draga úr líkum á yfirvofandi vanda.
3. stigs forvarnir teljast vera meðferð. Þá er brugðist við neyslu eða áhættu hegðun sem hefur raunveruleg áhrif á líf viðkomandi s.s. með því að fara í áfengismeðferð.

Hafnarfjörður hefur verið í miklum uppvexti seinustu ár, mikil fólksfjölgun hefur verið í sveitarfélaginu. Bæjarfélagið samanstendur af ólíkum einstaklingum, fjölbreyttum fjölskylduformum, fólki af erlendum uppruna og barnafjölskyldum. Vegna þess hefur álag og eftirspurn eftir hvers kyns meðferðarúrræðum aukist undanfarin ár. Í anda fjölskyldustefnu og skólastefnu bæjarins hafa Hafnfirðingar einsett sér að vinna markvisst að barnaverndarmálum og tryggja þar með öryggi og velferð allra barna í samfélaginu. Megin markmið er að mæta börnum og fjölskyldum þeirra og nýta viðunandi úrræði hverju sinni. Framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum er ein af leiðum Hafnarfjarðarbæjar til að auka skilvirkni og efla samstarf þeirra sem vinna með börnum og barnafjölskyldum.

Auk þess að halda áfram góðu og vönduðu barnaverndarstarfi hefur starfshópur um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum í Hafnarfirði ákveðið að hrinda í framkvæmd og skerpa á ákveðnum verkefnum á yfirstandandi kjörtímabili.



## Verkefni

Sérstaklega er horft til eftirtalinna þátta á árunum 2014-2018.

### **Skapa barnavernd jákvæða ímynd meðal bæjarbúa með vönduðu starfi, fræðslu og upplýsingum**

Mikilvægt er að efla skilning bæjarbúa á mikilvægi barnaverndar, að öllum verði ljóst hvernig tekið verður á málum þegar þess gerist þörf. Fræðsla um barnavernd og forvarnir verði stöðugt í boði fyrir foreldra og starfsfólk í öllum stofnunum bæjarins og kynningar verði á barnavernd í skólum, leikskólum, heilsugæslu, lögreglu, hjá dagforeldrum og íþróttafélögum og þeim sem bjóða uppá skipulagða starfsemi fyrir börn og unglinga. Upplýsingar um starfsemi barnaverndar verði gerðar aðgengilegri á vef bæjarins. Jákvæðar fréttir úr barnavernd verði reglulega látnar fjölmiðlum í té. Í starfs- og stefnuáætlunum sviða verði skilgreind frekari framkvæmd.

*Ábyrgðaraðilar:* Sviðsstjóri fjölskylduþjónustu og deildarstjóri barnaverndar, sviðstjóri fræðslu og frístundaþjónustu, samskiptastjóri og íþróttá- og forvarnafulltrúi .

*Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætlunum rekstri stofnana.

*Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum viðkomandi starfsmanna.

### **Efla fjölskylduna með markvissum stuðningi við foreldra í uppeldishlutverki þeirra**

Stefnt er að því að efla fyrsta stigs forvarnir í sveitarfélaginu með því að bjóða foreldrum allra barna fræðslu í PMTO-aðferðinni samhliða fræðsluefni og kynningu á þeirri þjónustu sem PMTO-foreldrafærni býður upp á. Fræðslan fer þegar fram á vegum ákveðinna leik- og grunnskóla í bænum en tryggja þarf að hún verði í boði í öllum leik- og grunnskólum. Fræðslan er endurgjaldslaus fyrir foreldra. Um væri að ræða hagnýtan fyrirlestur þar sem farið er í verkfæri PMTO og leiðir til að efla foreldrafærni auk þess sem SMT skólafærni er kynnt stuttlega.

*Ábyrgðaraðilar:* Sviðstjórar fræðslu og frístundaþjónustu- og fjölskylduþjónustu.

*Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætlunum rekstri stofnana.

*Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Verkefnisstjóri PMTO og SMT.



## **Stuðla að aukinni samvinnu og markvissari vinnubrögðum í málefnum barna og fjölskyldna**

Mikilvægt er að samnýta mannauð viðkomandi stofnana sem allra best. Áhersla verði lögð á lausnamiðaða hugsun og starf sem næst daglegum vettvangi barnsins. Þannig mætti að öllum líkindum koma í veg fyrir að mál þróuðust á verri veg. Þessi hugsun krefst breiðrar samstöðu í forvörnum og vinnslu mála. Í stað þess að vísa málum áfram og á milli ólíkra stofnana mætti bregðast við og leita lausna strax á stað og stund. Samvinna við foreldra, börn og heimili er einnig lykilatriði. Mikilvægt er að vanda vel til verka og þróa hugmyndir af vandvirkni.

Markmiðið er að veita börnum sem besta þjónustu og tryggja aðgang að mikilvægustu úrræðunum hverju sinni.

Mikilvægt er því að halda áfram að þróa samráðshóp fjölskylduþjónustu, fræðsluþjónustu, heilsugæslu og barna- og unglingsgeðdeildar sem hittist einu sinni í mánuði og ræðir erfið mál sem þurfa þverfaglegar umræðu.

Stýrihópur PMTO hittist reglulega og stillir saman strengi þeirra starfsmanna fræðsluþjónustu og fjölskylduþjónustu sem sinna PMTO meðferð.

*Ábyrgðaraðilar:* Deildarstjóri sálfræði- og talmeinaþjónustu og sálfræðingur fjölskylduþjónustu.

*Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstri.

*Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum viðkomandi starfsmanna.

## **Aukin áhersla á þverfaglega nálgun í vinnslu barnaverndarmála**

Undanfarin ár hafa barnaverndarmál orðið flóknari og erfiðari og því mikilvægt að vinnslu þeirra sé komið á þverfaglegum grunni félagsráðgjafar, sálfræði og þroskaþjálfar. Það er því mikilvægt að skipulag barnaverndarvinnu miði sig að aðkomu þessara stétta að umræðu, ákvörðunartöku og vinnslu barnaverndarmála í Hafnarfirði.

*Ábyrgðaraðilar:* Sviðstjóri og deildarstjórar fjölskyldusviðs.

*Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstri.

*Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum viðkomandi starfsmanna.

## **Auka vitund þeirra, sem starfa með börnum í frítíma þeirra um barnavernd**

Tryggja þarf að þeir sem starfa með börnum í frítíma þeirra hafi kunnáttu til að tilkynna, vísa áfram og greina vísbendingar sem geta verið barnaverndarmál. Með fræðslu fyrir þessa starfsmenn bæjarins og félagasamtök er markmiðið að fækka alvarlegum barnaverndarmálum, fá sem fyrst tilkynningar inn til barnaverndar og auka almenna fræðslu um barnavernd.

Haldið verði úti fræðslu til starfsmanna og viðhaldið forvörnum gegn kynferðisbrotum gegn börnum og mikilvægt að félagsráðgjafar í barnaverndarteymi sinni fræðslunni sem



hingað til, til að auðvelda fólki við að leita sér upplýsinga og koma tilkynningum í réttan farveg.

Leiðbeiningar verði aðgengilegar á heimasíðu bæjarins um meðferð barnaverndarmála sem á að gefa skynsamlegar, einfaldar og skýrar reglur fyrir aðila sem starfa með börnum í frítíma þeirra. Þessi fræðsla þarf að koma með markvissum hætti inn til þeirra sem starfa með börnum í íþrótta- og tómstundastarfi og inn í leik- og grunnskóla, s.s. í gegnum símenntunaráætlanir annað hvert ár. Samkvæmt þeim samningum sem gerðir eru á milli íþrótta og tómstundafélaga ber leiðbeinendum að sækja fræðslunámskeið sem haldið er af Hafnarfjarðarbæ.

*Ábyrgðaraðilar:* Íþrótta- og tómstundafulltrúi, þróunarfulltrúi grunnskóla og sviðsstjóri fjölskylduþjónustu.

*Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstri.

*Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum starfsmanna.

## **Stuðningsþjónustan**

Stuðningsþjónustan er sú þjónusta sem veitt er börnum og unglíngum sem hafa verið mál í barnavernd eða þegar alvarleiki vanda kallar ekki á inngrip barnaverndar. Starfsmenn stuðningsþjónustu geta þannig haldið utan um stuðning í formi viðtala og fleira sem hjálpar skjólstaðingum að koma undir sig fótunum. Stuðningsþjónustan hefur verið í þróun í nokkur ár og er mikilvægt skref í því að geta gripið fljótt inn í mál. Hinsvegar er mikilvægt að þróa og styrkja þennan hluta starfsemi fjölskylduþjónustunnar frekar og þannig stuðla að fækkun barnaverndarmála.

*Ábyrgðaraðili:* Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustunnar.

*Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstri.

*Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum starfsmanna.

## **Áfram verði unnið að því að þróa starf Litla hóps**

Litli hópur er samstarfs- og upplýsingahópur barnaverndar, framhaldsskóla, heilsugæslu, ÍTH, lögreglu, forvarnafulltrúa og skóla. Viðfangsefni hópsins er málefni barna, unglínga og ungmenna í Hafnarfirði. Starfsemi hópsins hefur gefið mjög góða raun og þarf að viðhalda þessu samstarfs- og upplýsinganeti.

*Ábyrgðaraðili:* Íþrótta- og tómstundafulltrúi og sálfræðingur fjölskyldusviðs.

*Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstri.

*Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum starfsmanna.





## **Hópastarf fyrir börn og unglinga**

Að unnið verði markvisst áfram að því að byggja upp hópastarf fyrir félagslega einangruð börn og unglinga í félagsmiðstöðvum og í Húsinu.

*Ábyrgðaraðili:* Ípróttá- og tómstundafulltrúi og sálfræðingur fjölskylduþjónustunnar.

*Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstri.

*Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum starfsmanna.

## **Námsbraut fyrir starfsmenn félagmiðstöðva**

Starfsmenn félagmiðstöðva skulu hafa tækifæri til að læra hvernig er að standa fyrir hópastarfi. Hópastarfinu er ætlað að mæta þörfum innan hvers skóla varðandi börn og unglinga sem finna sig ekki í hefðbundnu ípróttá- og tómstundastarfi. Í gegnum félagmiðstöðvarnar fer hópastarfið fram og kennarar og námsráðgjafar sinna leitarstarfi og vísa einstaklingum í starfið. Á námsbraut fyrir starfsmenn er kynnt gildi hópastarfs, samskipti, fjáraflanir, hópeflisleikir og annað sem eflir starfsmenn í starfi.

*Ábyrgðaraðili:* Ípróttá og tómstundafulltrúi.

*Áætlaður kostnaður:* Hluti af daglegum rekstri félagmiðstöðva og símenntunar.

*Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum starfsmanna.

## **Líðan barna og forvarnir gegn einelti**

Efla þarf og styðja við grunn- og leikskólana í Hafnarfirði gegn einelti. Þá þarf að fá fleiri aðila sem sinna ípróttá- og tómstundastarfi til að taka saman höndum í baráttunni gegn einelti. Virkja þarf skólana í að styðjast við þær eineltisáætlanir sem eru til staðar og vinna markvisst að því að fá alla aðila samfélagsins til liðs við verkefnið. Mikilvægt er að nota viðurkenndar eða gagnreyndar aðferðir í baráttunni gegn einelti.

Til að halda utan um þekkingarbrunn um líðan barna í skólum bæjarins er mikilvægt að nýta skólapúlsinn.

*Ábyrgðaraðili:* Sviðsstjóri fræðslu og frístundaþjónustu, skólastjórar, foreldra- og nemendaráð grunnskóla, ÍBH.

*Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstri.

*Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum starfsmanna.



## **Efla leik- og grunnskóla við að skapa úrræði og koma til móts við börn með hegðunar-, tilfinningalega og/eða námserfiðleika**

Miðla þarf reynslu og þekkingu inn í leik- og grunnskóla og styðja skólana til þess að vinna að úrlausn barna með fjölþætta erfiðleika. Gefa þarf börnum færi á að vaxa og dafna innan síns skólahverfis. Viðhalda þarf faglegum markvissum aðgerðum m.a. með PMTO og SMT, í leik- og grunnskólum, sem sérstaklega lúta að börnum með hegðunarerfiðleika. SMT-skólafærni er sá þáttur í þjónustu PMTO-foreldrafærni sem hefur það að markmiði að draga úr hegðunarerfiðleikum barna í skólum og vinna markvisst að góðri aðlögun allra barna skólasamfélagsins.

Mæta þarf einstaklingum með einstaklingsmiðuðum námsmarkmiðum og viðurkenndum inngrípum hvort sem um er að ræða einstakling með hegðunarerfiðleika, tilfinningalega og/eða námserfiðleika.

*Ábyrgðaraðili:* Sviðstjóri fræðslu og frístundaþjónustu.

*Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstri.

*Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af daglegum störfum starfsmanna.

## **Samráð og bætt þjónusta við innflytjendur**

Huga þarf sérstaklega að málefnum innflytjenda og barna þeirra. Tryggja þarf að þjónusta sé við hæfi og tryggi að vitneskja sé hjá innflytjendum um réttindi og skyldur þeirra. Eflur verði samstarfshópur aðila sem tengjast málefnum innflytjenda sem hafi það að markmiði að samræma þjónustu Hafnarfjarðar og tryggi börnum og fjölskyldum þeirra góða þjónustu og aðgengi að upplýsingum.

Í leikskólum þarf að vera markviss móttökuáætlun fyrir börn af erlendum uppruna, börn sem hafa íslensku sem annað mál og hafa ekki kunnáttu í íslensku við komuna í leikskólann.

Skoða þarf hvernig gengið hefur í grunnskólum Hafnarfjarðar að taka á móti börnum af erlendum uppruna og hvernig þeim hefur gengið að aðlagast.

Gefa þarf innflytjendum á grunnskólaaldri færi á að kynnast nærsamfélagi og vinum í hverfinu með þeirra jafnöldrum. Hægt er að setja á fót verkefni innan skólans sem líkja má við Mentor verkefnið þar sem bekkjarfélögum er gefið það hlutverk að styðja við nýja bekkjarfélagann, kynna hann fyrir nærumhverfinu, tómstundum og félagslífinu. Við það fær innflytjandinn félagaga sem eykur líkurnar á frekari félagstengslum út í hið nýja samfélag, einnig ýtir það undir færni í tungumálinu og sjálfsöryggi. Einnig er mikilvægt að vinna með Rauða krossinum að hentugum lausnum.

*Ábyrgðaraðilar:* Sviðstjórar fjölskylduþjónustu og fræðslu- og frístundaþjónustu, móttökudeild nýbúa, forvarnafulltrúi og samráðshópar um málefni innflytjenda.

*Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstrarkostnaði stofnana.

*Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af störfum viðkomandi.



## ***Innleiða ESTER í starf barnaverndar***

Starfsmenn barnaverndar Hafnarfjarðar taka þátt í að innleiða ESTER. ESTER er gagnreynt, staðlað mat á áhættu- og verndandi þáttum hjá börnum sem eru með eða eru í hættu að þróa með sér hegðunarvanda. Verkefninu er stýrt af Barnaverndarstofu og unnið í samvinnu við barnaverndarnefndir á landsvísu. Í ESTER er lögð áhersla á gagnreynda áhættu- og verndandi þætti þ.e.a.s. þætti sem rannsóknir hafa sýnt að tengjast áhættuhegðun. Í ESTER er lögð áhersla á mikilvægi þess að taka tillit til bæði áhættu- og verndarþátta við mat á barninu og foreldrum þess og sem hægt er að nota við bæði fyrirbyggjandi inngrip og meðferð. Innleiðingin byrjaði í ágúst 2015 og lýkur í febrúar 2017.

*Ábyrgðaraðilar:* Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og deildarstjóri barnaverndar.

*Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstrarkostnaði fjölskyldusviðs.

*Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af störfum starfsfólks barnaverndar.

## ***Hinsegin fræðsla í grunnskólum bæjarins***

Fræðsla til starfsfólks skóla og nemenda um hinsegin málefni til aukins umburðarlyndis og forvarnir ofbeldis á grunni almennra mannréttinda.

*Ábyrgðaraðilar:* Þróunarfulltrúi grunnskóla.

*Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstrarkostnaði fræðslu og frístundapjónustu.

*Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Þjónusta keypt af Samtökunum 78.

## ***Samstarf á milli sveitafélaga um úrræði***

Auka á samstarf milli sveitafélaga um úrræði og deila þekkingu til að ná auknu framboði í úrræðum og auka hagræðingu. Samstarf við nærliggjandi sveitarfélög er þegar hafið í málefnum í tengslum við barnavernd hvað varðar bakvaktir barnaverndar og heimilisofbeldismál. Sálfræðingar Hafnarfjarðar og Kópavogs meta sameiginlega álag á umrædda starfsmenn.

Lagt er til að settur verði af fót samráðshópur nærliggjandi sveitarfélaga sem vinnur að því að útfæra þessar hugmyndir. Leggja þarf áherslu á aukið samstarf milli sveitarfélaga og gæti slíkur samráðshópur fagaðila í barnavernd aukið á gæði þjónustu til handa börnum í vanda og fjölskyldum þeirra.

*Ábyrgðaraðili:* Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og deildarstjóri barnaverndar.

*Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstrarkostnaði fjölskyldusviðs.

*Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu:* Hluti af störfum starfsmanna.



## **Sameiginlegur rekstur vistheimilis fyrir börn**

Mikilvægt er að unnið verði markvisst að áætlun varðandi greiningar- og vistheimili fyrir börn. Slíkt vistheimili er mikilvægt úrræði og leggur grunn að faglegri aðkomu barnaverndar þegar um er að ræða alvarlegar aðstæður barna, þeim til verndar til skemmri tíma og til að hægt sé að leggja mat á hæfni forsjáraðila meðan á vistun stendur. Slík heimili þurfa að geta tekið á móti börnum einum og að möguleiki sé á vistun foreldris og barns saman þegar þörf er á að skoða samspil fjölskyldunnar. Fyrirmynd að slíku úrræði er til staðar hjá Reykjavíkurborg og er vert að skoða hvort hægt sé að koma að rekstri slíks úrræðis með nærliggjandi sveitarfélögum.

*Ábyrgðaraðili:* Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og deildarstjóri barnaverndar.

*Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstrarkostnaði sviðsins.

## **Að farið sé í samstarf með Kópavogi um skammtí mavistun barna**

Lagt er til að farið sé í viðræður við Kópavog um sameiginlegan rekstur á tveimur einkaheimilum fyrir skammtí mavistanir á börnum og unglíngum sem rekin eru allt árið. Annað fyrir börn á aldrinum 0-14 ára og hitt fyrir börn á aldrinum 14 – 18 ára. Heimilin komi í stað þeirra heimila sem nú eru til staðar í sveitarfélaginu.

*Ábyrgðaraðili:* Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og deildarstjóri barnaverndar.

*Áætlaður kostnaður:* Hluti af áætluðum rekstrarkostnaði sviðsins.

## **Samstarfsleiðir**

Verkefnaáætlunin sýnir vilja til að ná auknum árangri í barnavernd og forvörnum. Ljóst má vera að fjölskylduþjónustan ein og sér nær takmörkuðum auknum árangri. Lykillinn að fækkun alvarlegra barnaverndarmála er aukin samvinna og upplýsingagjöf stofnana, starfsfólks og bæjarbúa. Starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar mun því:

- *Skapa barnavernd jákvæða ímynd meðal bæjarbúa með vönduðu starfi, fræðslu og upplýsingum. Mikilvægt er að efla skilning bæjarbúa á mikilvægi barnaverndar, öllum verði ljóst hvernig tekið verður á málum þegar þess gerist þörf.*
- *Auka úrræði í barnavernd og gera þau aðgengilegri með sameiginlegu átaki barnaverndar, skóla og heilsugæslu. Hugmyndin er að samnýta mannauð viðkomandi stofnana sem allra best. Áhersla verði á lausnamiðaða hugsun og starf sem næst daglegum vettvangi barnsins. Þannig má að öllum líkindum koma í veg fyrir að mál þróist á verri veg. Þessi hugsun krefst breiðrar samstöðu í forvörnum og vinnslu mála. Í stað þess að vísa málum áfram og á milli ólíkra stofnana mætti*



bregðast við og leita lausna strax á stað og stund. Samvinna við foreldra og heimili er einnig lykilatriði.

- *Próa samstarf* barnaverndarstarfsmanna og starfsmanna fræðslusviðs enn frekar.
- Bjóða foreldrum stöðugt upp á *fræðslu um barnavernd og forvarnir* í öllum grunnskólum bæjarins
- Láta fjölmiðlum reglulega í té *jákvæðar fréttir* um barnavernd.
- *Annast fræðslu og samvinnu* við ÍBH, foreldrafélög, starfsmenn tómsundamiðstöðva og aðra sem vinna með börnum í frítíma þeirra, um barnavernd og tilkynningarskyldu.



## Lokaorð

Síðustu mánuði hefur þverpólitískur hópur, með stuðningi og styrk starfsmanna, unnið að endurskoðun framkvæmdaáætlunar í barnavernd frá árunum 2010 – 2014.

Við endurskoðunina er ljóst að margt hefur áunnist í barnaverndarmálum í Hafnarfirði á síðustu árum og sífellt er verið að leita leiða til að gera verkefni skilvirkari og auka tækifæri starfsmanna til að nýta fjölbreyttari aðferðir til úrlausna.

Umhverfið í barnaverndarmálum hefur breyst síðustu árin, bæði hafa málin verið krefjandi og líka fjölbreytt. Helstu stefnur þessa samráðshóps eru að mæta einstaklingum og fjölskyldum þar sem þau eru hverju sinni með einstaklingsmiðuðum úrlausnum.

Mikilvægt er að sviðin hafi aukin tækifæri til að styrkja sig í málefnum sem þarfnast þverfaglegrar samvinnu. Telur hópurinn að það sé styrkur fyrir Félagsþjónustu Hafnarfjarðar og barnavernd að starfsfólk geti leitað stuðnings út fyrir eigið fagsvið og út fyrir bæjarmörkin. Einnig telur hópurinn mikilvægt að málaflokkurinn hafi nægan mannafla og nægt fjármagn til að geta brugðist við auknum fjölda tilkynninga og ólíkum málum. Forgangsröðun á að vera markviss og biðlistar í lágmarki.

Einnig leggur samráðshópurinn mikla áherslu á forvarnir í málefnum barna, að starfsfólk sem vinni með börnum í bænum hafi þekkingu og stuðning til að geta tekið á málum eða hugsanlegum áhættuþáttum hjá börnum áður en þau verði að vandamálum. Lögð er sérstök áhersla á að starfsfólk og þjálfarar íþrótta- og tómsundafélaga fái reglubundan fræðslu um barnavernd og forvarnir.

Hafnarfjörður heldur áfram að stækka og bæjarbúum að fjölga. Í dag má með sanni segja að í bænum búi frekar hátt hlutfall innflytjenda, halda þarf vel utan um stuðning og fræðslu fyrir innflytjendur í bænum um íslensk lög og hvaða rétt börn hafa í okkar samfélagi. Hvernig hægt er að styðja við börn af erlendum uppruna svo þau fái vaxið og dafnað.

Einelti sem er mein í íslensku samfélagi þarf að útrýma með öllum tiltækum ráðum.

Teljum við mikilvægt að leggja eigi enn meiri áherslu á að skólar vinni að viðbragðsáætlun um einelti og hafi samstarf sín á milli í alvarlegum eineltismálum. Halda þarf áfram að fræða börn, foreldra og þá sem starfa með börnum.

Með markvissri forvarnaráætlun í barnaverndarmálum gefst fagfólki tækifæri til að halda biðlistum í lágmarki og halda markvissri forgangsröðun.

Endurskoðun framkvæmdaáætlunar í barnavernd á að vera „lifandi plagg“ og sífellt í endurskoðun og taka mið af því samfélagi og þeirri samfélagsgerð sem við búum við á hverjum tíma. Samráðshópurinn hefur leitast við að leggja til breytingar sem gætu stuðlað að aukinni samvinnu aðila, jákvæðni í garð málaflokksins og markvissari úrræðum, börnum til heilla.